

## Setberg

### Athugasemdir og viðbætur

Jón Jósefsson frá Setbergi las örnefnaskrá Þorleifs Jóhannessonar 3. nóv. 1977, gerði við hana athugasemdir og bætti við fáeinum nöfnum. Faðir Jóns kom að Setbergi 1918 og bjó þar til 1953. Jón er fæddur 1925, fór að heiman 16 ára gamall, en var þó heima á hverju sumri, þar til faðir hans hætti búskap.

Skrásetjari var Sigríður Jóhannsdóttir.

Athugasemdir þessar ber að taka með fyrirvara, því að þær hafa ekki verið bornar undir Jón til staðfestingar.

Þegar Jón var að alast upp, var Vindás hjáleiga frá Setbergi.

Kirkjuflöt (1) kannast Jón ekki við. Þarna var engin flöt, en vera kann, að hóllinn gamli hafi verið kallaður flöt. Fyrir norðan það, sem kallað er Kirkjuflöt í lýsingunni, rennur lækur, en aldrei var haft neitt nafn á honum.

Kirkjan, sem nú er á Setbergi, var reist 1880. Jón vissi aldrei, hvar gamla kirkjan hafði staðið, en kirkjugarðinum mundi hann eftir. Þennan kirkjugarð jafnaði Halldór E. Sigurðsson við jörðu ásamt bróður sínum.

Beint austur af núverandi kirkjugarði er **Sýslumannshóll** (30). Eru ekki nema svo sem 100-150 m frá kirkjugarðinum að hólnum, en Setbergslækurinn (9a) rennur á milli. Ekki veit Jón, við hvaða sýslumann hóllinn er kenndur. Sýslumannshóll er mjög áþekkur Sjónarhól (23). Þeir eru báðir bungumyndaðir, með þúfu uppi á kollinum. Hólarnir eru grónir að nokkru leyti, en einnig eru á þeim holt og melar.

Ekki veit Jón, hvers vegna Helgavöllur (2) er nefndur svo. Ofan til í vellinum er rúst, en Jón veit ekki, hvort þar hefur verið kot.

Jón kannast ekki við nafnið Garðshornsblettur (6), en þarna er aðeins einn sléttur blettur, og hlýtur að vera átt við hann.

Garðshorn (7) var í byggð, þegar foreldrar Jóns komu að Setbergi. Það hefur líklega farið í eyði milli 1920 og '30, og man Jón ekki eftir byggð þar. Hins vegar man hann eftir hálfkölluðum bæ í Garðshorni, og var geymdur mór í einni rústinni, þegar Jón var krakki. Þessar bæjarrústir sjást ekki lengur, því að faðir Jóns sléttaði

þær kringum 1940. Nú er aðeins hóll, þar sem bærinn stóð áður. Faðir Jóns hafði fé í fjárhúsunum í Garðshorni, og er líklega ekki búið að slétta yfir rústir þeirra.

Lækjarfarvegurinn, sem Þorleifur Jóhannesson segir, að sé milli Hólavallar og Garðshornsbletts, hét **Garðshornslækur** (31).

Nafnið Bæjarlækur (9) kannast Jón ekki við. Telur hann sennilegt, að hér sé átt við **Setbergslæk** (32), sem er rétt austan við núverandi kirkjugarð á Setbergi og rennur í suðsuðvestur.

Holtastaðir (11) voru löngu farnir í eyði, þegar faðir Jóns kom að Setbergi. Þá var hesthús þar sem bærinn hafði áður staðið.

Stekkjatröð (12) hefur farið í eyði milli 1920 og '30, þó heldur seinna en Garðshorn. Jón man ekki eftir byggð í Stekkjatröð, en hann man eftir húsum uppistandandi, og sjást rústir þeirra líklega enn.

Í Garðshorni og Stekkjatröð voru matjurtagarðar, en þeir voru aldrei notaðir frá Setbergi og eru nú uppgrónir

Jón heyrði aldrei neinar sagnir um reimleika í Draugalág (13).

**Spjarará** (33) er á landamerkjum Setbergs og Spjarar

Jón hafði einnig heyrt, að girðingin á Spjarsnoppu (14) hefði verið sáðland.

Stórhóll (17) er fyrir vestan Græfur (18), milli þeirra og Setbergs. Ætti því að standa: „Vestan við Stórhól eru fyrst lyngi vaxin holt, en svo fell, sem heitir Setberg (19).“

Suðvesturhorn Setbergsins heitir **Bergishorn** (34).

Aðeins sunnan við mitt bergið er á því þúfa, **Hrafnapúfa** (35). Hrafnar verptu aldrei í berginu, en voru þar mikið.

Setbergi hallar niður til vesturs. Var þar kallaður **Bergisháls** (36).

Vestan undir Setberginu norðan til er **Grænhóll** (37), yfirleitt alltaf grænn. Rétt hjá honum er rúst, og mótar þar fyrir hleðslu, sem gæti verið eftir stekk. Annars man Jón ekki eftir neinum stekkjum eða kvíum. Hætt var að færa frá, áður en faðir hans kom að Setbergi.

**Klakkur** (38) er mjög breiður að ofan. Í honum eru tvö gil, Nyrðragil og **Syðragil** (39). Setberg á land að Syðragili, Spjör á milli giljanna, en Bár fyrir norðan Nyrðragil.

Uppi á Klakk er vatn, sem Jón man ekki nafn á. Þar fljóta óskasteinar á Jónsmessunótt. Þegar Jón var ungur, var siður, að ungt fólk færi upp á Klakk á Jónsmessunótt til þess að leita að óskasteinum. Man Jón eftir, að þetta væri gert í

mörg ár. Jón hyggur, að vatn þetta sé ekki í landi Setbergs, heldur Bárar, Spjarar eða Hjarðarbóls.

Klofasteinar (22) mega heita tvö klettabelti. Er eiginlega alveg bil á milli þeirra.

Á Sjónarhól (23) söfnuðust hrafnar saman á haustin og skiptu sér í hópa fyrir veturinn.

Mór var tekinn í mýrunum hjá Sjónarhól. Var mótekju hætt kringum 1940. Síðast var mórinn tekinn í mýrinni suðaustur af Sjónarhól. Þessi mór var 4-5 skóflustungur, en þótti fremur lélegur. Þó skánaði hann heldur, þegar neðar dró. Komu þá líka upp kvistir, svo að þarna hlýtur einhvern tíma að hafa verið trjágróður. Áður hafði mórinn verið tekinn í mýrinni norður af Sjónarhól. Sá mór þótti mjög góður. Hann var svartur og nærri því eins og kol. Ekki var eftir nema tæp skóflustunga af honum, og voru 4-5 stungur niður á hann. Mór var ekki sóttur frá öðrum bæjum.

Rétt norðan við eldri mógrafirnar var **Móholt** (40) að nokkru leyti uppgróið. Þar var mórinn lengst af þurrkaður. Síðast var hann þó þurrkaður á melnum vestan við nýrri mógrafirnar, en Móholtið hélt nafni sínu eftir sem áður.

Torf var rist á svipuðum stað og fyrri mógrafirnar voru. Var það notað til að breiða yfir hey og mó í Garðshorni. Jón reiddi stundum heim torf, meðan hann var á Setbergi.

Beint vestur af Sjónarhól er klettadrangur, lágur en dálítill um sig. Hann heitir **Grásteinn** (41). Talið var, að þar byggi huldufólk.

Nokkru fyrir sunnan Sjónarhól, niðri í fjörunni gengur fram klettadrangur, sem heitir **Forvaði** (42). Hann nær fram í sjó um flæði, en ekki um fjöru.

Ofan (þ.e. austan) við túnið var hleðsla, sem hefur getað verið eftir stekk.

Alfífulaut (26) var alltaf nefnd Alfífulág (29). Þetta er dálítið löng lág. Ekki veit Jón, af hverju nafnið er dregið, því að þarna óx ekki mikið af fífu. Hins vegar var þar feikilega mikið af aðalbláberjum, einkum í hallanum austan megin.

Lækurinn, sem Þorleifur Jóhannesson segir, að sé nafnlaus, er líklega sá sami og Jón vandist að kalla **Vindáslæk** (43) Hann rann fyrst í suður, en síðan í vestur fyrir norðan túnið í Vindási, þ.e.a.s. eins og það var á þessum árum.

Nafnið Kaldilækur (27) heyrði Jón aldrei, en telur, að hér sé átt við læk þann, sem skipti löndum milli Setbergs og Eiðis. Þetta var kaldavermsl og fraus því aldrei.

Örnefnastofnun, 16. júlí 1981,

Sigríður Jóhannsdóttir.

Stafrófsskrá nýrra örnefna

Bergisháls 36

Bergishorn 34

Forvaði 42

Garðshornslækur 31

Grásteinn 41

Grænhóll 37

Hrafnaþúfa 35

Klakkur 38

Móholt 40

Setbergslækur 32

Spjarará 33

Syðragil 39

Sýslumannshóll 30

Vindáslækur 43